

34. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn með fjarfundarbúnaði ZOOM miðvikudaginn 18. nóvember 2020 klukkan 8:30.

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Brynja J. Jónasdóttir, Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fyrirkomulag funda hreppsnefndar verði fjarfundur, þar sem búnaður ZOOM verði notaður. Vegna þessara sérstöku aðstæðna í þjóðfélaginu, sem orsakast af COVID-19, þá nýtir hreppsnefnd Ásahrepps sér heimild sem auglýst hefur verið af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu þann 3. nóvember 2020. Byggir þessi heimild á samþykktu VI. bráðabirgðarákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sem verður í gildi til 10. mars 2021.

1. Fundargerðir til samþykktar:

- 1.1. 204. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 20-129.

Mál nr. 1; Lækjartúnslína LT2 og Selfosslína 2; Jarðstrengslagning; Framkvæmdaleyfi – 2010069.

Lögð er fram umsókn frá Landsneti vegna framkvæmdaleyfis. Í umsókninni felst að óskað er eftir framkvæmdaleyfi vegna lagningu jarðstrengja sem tengir Selfosslínu 2 og nýtt tengivirki að Lækjartúni.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli framlagðra gagna. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu þar sem samþykki landeigenda fyrir framkvæmdum liggur fyrir.

Mál nr. 2; Sauðholt 2 L193421; Sauðholt 2B; Stofnun lóðar – 2010063.

Lögð er fram umsókn Sigrúnar Þóroddsdóttur, dags. 16. október 2020, er varðar stofnun landeignar út úr Sauðholti 2 L193421. Um er að ræða 15.850,4 fm land sem fengi heitið Sauðholt 2B. Aðkoma er frá Ásvegi (275) um vegslóða frá Sauðholtsvegi (2907) sem liggur að Sauðholti lóð L220917 skv. meðfylgjandi lóðarblaði.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um uppfærð gögn m.t.t. aðliggjandi jarða. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. gr. jarðalaga. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir erindið samhljóða.

Mál nr. 3; Holtamannaafréttur lnr. 221893; Vatnsfellsvirkjun tengivirki; Stofnun lóðar – 1703023.

Lögð er fram umsókn frá Landsvirkjun er varðar afmörkun og/eða stofnun lóða innan Holtamannaafréttar L221893. Afmörkuð er lóð umhverfis stöðvarhús sem fær staðfangið Vatnsfellsstöð. Einnig er afmörkuð lóð umhverfis tengivirki Vatnsfellsstöðvar og fær hún staðfangið Vatnsfellsstöð tengivirki. Málið var áður tekið fyrir á 129. fundi skipulagsnefndar þann 9.3.2017 þar sem því var frestað.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við afmörkun og lóðarstofnun skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um lagfærð gögn. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. gr. jarðalaga. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir erindið fyrir sitt leyti og óskar eftir því við forsætisráðuneytið að umrædd lóð verði stofnuð.

Mál nr. 4; Holtamannaafreittur lnr. 221893; Sigölduvirkjun tengivirki; Stofnun lóðar – 1703024.

Lögð er fram umsókn frá Landsvirkjun er varðar afmörkun og/eða stofnun lóða innan Holtamannaafreitta L221893. Afmörkuð er lóð umhverfis stöðvarhús sem fær staðfangið Sigöldustöð. Lóðin nær yfir stöðvarhús, skúr og nánasta umhverfi þessara mannvirkja. Einnig er afmörkuð ný lóð umhverfis tengivirki Sigöldustöðvar og færi hún staðfangið Sigöldustöð tengivirki. Málið var áður tekið fyrir á 129. fundi skipulagsnefndar þann 9.3.2017 þar sem því var frestað. Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við afmörkun og lóðarstofnun skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um lagfærð gögn. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. gr. jarðalaga. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir erindið fyrir sitt leyti og óskar eftir því við forsætisráðuneytið að umrædd lóð verði stofnuð.

Mál nr. 5; Holtamannaafreittur lnr. 221893; Hrauneyjafossvirkjun; Stofnun lóðar – 1703020.

Lögð er fram umsókn frá Landsvirkjun er varðar stofnun lóðar. Afmörkuð er lóð sem í fasteignamati kallast Hrauneyjafossvirkjun, L165332. Samkvæmt fasteignamati nær lóðin yfir stöðvarhús, tækjageymslu og bensínskúr og nánast umhverfi þessara mannvirkja. Lóðin er skráð 0 ha og er óstaðfest hjá sýslumanni. Skilgreind er ný lega á lóðina og staðfangi hennar breytt í Hrauneyjafosstöð og verður stofnuð úr Holtamannaafreittum L221893 og L165332 verður felld niður í framhaldi. Málið var áður tekið fyrir á 129. fundi skipulagsnefndar þann 9.3.2017 þar sem því var frestað. Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við afmörkun og lóðarstofnun skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um lagfærð gögn. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. gr. jarðalaga. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir erindið fyrir sitt leyti og óskar eftir því við forsætisráðuneytið að umrædd lóð verði stofnuð.

Mál nr. 32; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20-129 – 2010003F.

Fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa frá 21. október 2020 lögð fram til kynningar.

1.2. 205. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 20-130.

Mál nr. 1; Ásmúli Ássel (L165327); umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaður - viðbygging – 2011002.

Fyrir liggur umsókn Guðmundar Hjaltasonar fyrir hönd Axels Nikolaisons, móttækin 02.11.2020 um byggingarleyfi til að byggja við sumarbústað 15,9 m² á sumarbústaðalandinu Ásmúli Ássel (L165327) í Ásahreppi. Heildarstærð eftir stækkun á sumarbústaði verður 55,9 m².

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 21; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20-130 – 2010005F.

Fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa frá 4. nóvember 2020 lögð fram til kynningar.

- 1.3. Fundur oddvita og sveitarstjóra í Rangárvallasýslu, dags. 5. nóvember 2020. Fundargerð oddvita og sveitarstjóra í Rangárvalla sýslu lögð fram.
- 1.4. 13. fundur stjórnar Húsakynna bs.
Fundargerð 13. fundar stjórnar Húsakynna bs. lögð fram. Í 2. dagskrárlið er tekin til afgreiðslu rekstraráætlun fyrir árið 2021 og samþykkt. Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir fyrir sitt leyti þá afgreiðslu. Fundargerð að öðru leyti lögð fram til kynningar.

2. Fundargerðir til kynningar:

- 2.1. 31. fundur stjórnar Odda bs.
- 2.2. 213. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu.
- 2.3. 21. fundur stjórnar Tónlistarskóla Rangæinga.
- 2.4. 81. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.
- 2.5. Aðalfundur Rangárhallarinnar, dags. 3. nóvember 2020.
- 2.6. Aðalfundur Rangárbakka, dags. 3. nóvember 2020.
- 2.7. 89. fundur svæðisráðs vestursvæðis, Vatnajökulsþjóðgarður.
- 2.8. 21. fundur stjórnar Bergrisans bs.
- 2.9. Fundur lögreglustjóra með bæjar- og sveitarstjórum, haldinn 20. október 2020.
- 2.10. Fundur lögreglustjóra með bæjar- og sveitarstjórum, haldinn 27. október 2020.
- 2.11. Fundur lögreglustjóra með bæjar- og sveitarstjórum, haldinn 3. nóvember 2020.
- 2.12. Fundur lögreglustjóra með bæjar- og sveitarstjórum, haldinn 10. nóv. 2020.
- 2.13. 563. fundur stjórnar SASS.
- 2.14. 889. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- 2.15. 890. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

3. Ákvörðun um álagning gjalda og gjaldskrár 2021.

- 3.1. Álagningarprósenta útsvars 2021
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að álagningarprósenta útsvars skuli vera óbreytt frá árinu 2020 eða 12,44%.
- 3.2. Álagningarhlutfall fasteignaskatts 2021
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að álagningaprósenta fasteignaskatts verði:
 - A** 0,22% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.
 - B** 1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.
 - C** 1,65% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum, þó að undanskildum fasteignum í 0 flokki.

Afsláttur af fasteignaskatti til fasteignaeigenda sem eru 67 ára og eldri, eða 75% öryrkjar eða meira, og eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti sem samþykkt var af hreppsnefnd Ásahrepps 13. desember 2017. Sveitarstjóra falið að uppfæra tölur skv. breytingu neysliverðsvísitölu á árinu 2020.

Gjalddagar verða sex (6) talsins árið 2021, fyrsta hvers mánaðar frá 1. febrúar til 1. júlí. Þar sem heildarupphæð er undir kr. 20.000 er einn gjalddagi, 1. apríl. Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Ekki verða sendir út greiðsluseðlar né álagningarseðlar í bréfpósti. Álagningarseðlar eru aðgengilegir á heimsíðunni www.island.is. Stofnuð verður krafa í heimabanka með sama hætti og áður sem hægt er að greiða rafrænt. Þeir

sem óska þess að fá áfram send skjöl með bréfpósti gefst kostur á því og er bent á að hafa samband við skrifstofu hreppsins.

- 3.3. Gjaldskrá kaldvatnsveitu 2021.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að vatnsgjald verði ákveðið í sérstakri gjaldskrá Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs.
 - 3.4. Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs 2021.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gjald fyrir meðhöndlun úrgangs verði samkvæmt gjaldskrá Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs fyrir sorphirðu og sorpeyðingu.
 - 3.5. Gjaldskrá íþróttamiðstöðvarinnar á Hellu, Laugalandi og Þykkvabæ.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gjaldtaka vegna almennrar notkunar íþróttamiðstöðvanna fari eftir sameiginlegri gjaldskrá Rangárþing ytra og Ásahrepps.
 - 3.6. Gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa 2021.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að innheimta ekkert árlegt rotþróaargjald. Kostnaður af reglubundinna tæmingu rotþróa verði greiddur úr sveitarsjóði. Aukalosanir verði greiddar af viðkomandi aðila sem óskar eftir þeirri þjónustu.
 - 3.7. Heimgreiðslur.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir óbreytta hámarksfjárhæð fyrir árið 2021, eða kr. 80.000.
 - 3.8. Íþrótt- og tómsundasstyrkur.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir óbreytta hámarksfjárhæð fyrir árið 2021, eða kr. 75.000.
 - 3.9. Leikskólagjald.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrri ákvörðun hreppsnefndar frá desember 2017 að veittur verði 50% afsláttur af gjaldskrá Odda bs. árið 2021 fyrir börn í leikskóla og að áfram verði niðurgreidd vistun fyrir 5 ára börn 100%.
 - 3.10. Mötuneytiskostnaður leik- og grunnskólabarna.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrri ákvörðun hreppsnefndar frá desember 2017 að greitt verði áfram 100% mötuneytisgjald fyrir öll leik- og grunnskólabörn. Niðurgreiðslurnar gilda fyrir börn með lögheimili og aðsetur í Ásahreppi.
- 4. Fjárhagsáætlun 2021 – 2024.**
Lögð fram drög að fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árin 2021 – 2024. Sveitarstjóri gerði grein fyrir framlögðum drögum að fjárhagsáætlun og forsendum hennar. Umræður urðu um framlögð drög að fjárhagsáætlun og gert grein fyrir einstaka liðum áætlunarinnar. Fjárhagsáætlun Ásahrepps vísað til lokaafgreiðslu á næsta reglubundna fundi í hreppsnefnd sem haldinn verður miðvikudaginn 16. desember 2020 klukkan 8:30.
- 5. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps.**
Lagt fram rekstraryfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps, dags. 13. nóvember 2020.

6. Styrkbeiðnir vegna ljósleiðaratenginga.

Borist hafa styrkbeiðnir vegna ljósleiðaratengingar frá eftirfarandi aðilum sem hafa fengi tengingu við Ásaljós og greitt fyrir útsenda reikninga frá Ásaljósi:

Loryane Björk Jónsson, Hlíð.

Með tilvísun til fyrri samþykktar hreppsnefndar Ásahrepps frá 14. júlí 2015, þá samþykkir hreppsnefndin samhljóða að veittur verði styrkur vegna tengingar við ljósleiðarakerfi Ásaljóss kr. 150.000. Umsækjandi hefur greitt útgefinn reikning Ásaljóss kr. 232.099 fyrir blæstri og ljósleiðara í hús. Búið var að leggja íblástursrör í hús þannig að engin kostnaður varð við lagningu þeirra.

Hugrún Hannesdóttir, Hellatún, lóð C.

Með tilvísun til fyrri samþykktar hreppsnefndar Ásahrepps frá 14. júlí 2015, þá samþykkir hreppsnefndin samhljóða að veittur verði styrkur vegna tengingar við ljósleiðarakerfi Ásaljóss kr. 150.000 með fyrir vara um að reikningur sem á næstu dögum verður gefinn út af Ásaljósi fyrir íblástur og ljósleiðara sem TRS sá um verði greiddur. Kostnaður vegna ljósleiðara og íblásturs er kr. 224.515. Áður hafði verið gefinn út reikningur fyrir niðurdrætti íblástursröra að upphæð kr. 76.584 sem umsækjandi hefur greitt.

Einnig lagt fram tölvuskeyti frá Laufeyju Ósk Christensen, Áshömrum, þar sem óskað er eftir því við hreppsnefnd Ásahrepps að sveitarfélagið komi með aukna aðkomu að því að leggja ljósleiðara að Áshömrum. Ástæða þess er aukinn kostnaður vegna vegalengdar og að það þurfi að bora undir veg.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að þeim standi til boða styrkur að upphæð kr. 150.000 gegn framvísun greiddra reikninga vegna kostnaðar við verkefnið.

7. Innsend bréf og erindi:

7.1. Tölvuskeyti Umhverfisstofnunar dags. 26. október 2020; skilti í Þjórsárverum. Lagt fram tölvuskeyti Umhverfisstofnunar þar sem óskað er eftir afstöðu hreppsnefndar Ásahrepps við uppsetningu upplýsingaskilta við Þjórsárver. Um er að ræða aðkomuskilti við vegslóðana að Eyvindakofaveri og Eyvindaveri. Hreppsnefnd Ásahrepps fagnar þessu framtaki og er því samþykk. Jafnframt óskar hreppsnefnd eftir að fá próförk af skiltunum þegar þær liggja fyrir til yfirferðar.

7.2. Tölvuskeyti Oddafélagsins, dags. 1. október 2020; stefnuyfirlýsing Oddafélagsins. Lagt fram tölvuskeyti Oddafélagsins ásamt drögum að framtíðarstefnu um uppbyggingu Menningar- og fræðaseturs að Odda, Sæmundarstofu. Hreppsnefnd Ásahrepps list vel á þessar metnaðarfullu áætlanir og bíður fulltrúum Oddafélagsins að koma á næsta fund hreppsnefndar Ásahrepps, þann 16. desember n.k., til að kynna verkefnið.

7.3. Endurskoðun á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar; skipulags- og matslýsing. Lögð fram skipulags- og matslýsing vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar. Hreppsnefnd Ásahrepps gerir engar athugasemdir við framlögð gögn á þessum tímamarki og felur sveitarstjóra að senda þessi gögn til ráðgjafa sveitarfélagsins við endurskoðun aðalskipulags Ásahrepps og skipulagsfulltrúa til skoðunar.

7.4. Bréf Markaðsstofu Suðurlands, dags. 5. nóvember 2020; framlenging á samstarfssamningi.
Lagt fram bréf Markaðsstofu Suðurlands þar sem óskað er eftir framlengingu á samstarfssamningi milli Markaðsstofunnar og Ásahrepps til næstu þriggja ára. Jafnframt óskar Markaðsstofan eftir því að fá að gera frekari grein fyrir starfseminni á fundi með hreppsnefnd.
Hreppsnefnd Ásahrepps frestar afgreiðslu erindisins til næsta fundar og býður jafnframt fulltrúum Markaðsstofunnar að mæta á næsta fund hreppsnefndar 16. desember n.k. og kynna starfsemina.

7.5. Bréf HSK, dags. 10. nóvember 2020; beiðni um fjárframlag á árinu 2021.
Lagt fram bréf HSK þar sem óskað er eftir áframhaldandi fjárframlagi til sambandsins á næsta ári 2021. Óskað er eftir fjárframlagi sem nemur kr. 280 á hvern íbúa sveitarfélagsins.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita umbeðinn styrk og gert verður ráð fyrir honum á fjárhagsáætlun Ásahrepps 2021.

7.6 Tölvuskeyti OneSystem dags. 13. nóvember 2020; fundakerfi og fundamannakerfi.
Lagt fram tölvuskeyti OneSystem ásamt kostnaðarupplýsingum við upptöku OneMeeting fundargerðakerfi og OnePostalCommittee fundarmannagátt fyrir Ásahrepp.
Stofnkostnaður fyrir bæði kerfin er kr. 555.778 með vsk. Árlegur rekstrarkostnaður vegna kerfanna er kr. 644.899 með vsk.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að ganga til samninga við OneSystem um upptöku þessara kerfa og það muni eiga sér stað strax á nýju ári. Gert verði ráð fyrir þessum kostnaði í fjárhagsáætlun Ásahrepps 2021.

8. Bréf og erindi til kynningar:

- 8.1. Tölvuskeyti Skipulagsstofnunar, dags. 14. október 2020; deiliskipulag Ás 3, land III-3, Hestás.
- 8.2. Könnun vegna Covid-19 sem unnin hefur verið af Markaðsstofu Suðurlands.
- 8.3. Tölvuskeyti Jónu Fanneyjar Svavarsdóttur, dags. 3. nóvember 2020; Baráttuhópur smærri fyrirtækja.
- 8.4. Bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dags. 26. október 2020; dagur fórnarlamba umferðarslysa.
- 8.5. Auglýsing samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvaðranatöku við stjórn sveitarfélaga (2020/1076).
- 8.6. Stöðuskýrsla 7 til ráðgefandi aðila. Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar Covid-19.
- 8.7. Bréf Landshlutateymis Suðurlands, dags. 12. nóvember ásamt samstarfssamningi og tveimur fundargerðum.
- 8.8. Aðalfundarboð Bergrisans bs. sem haldinn verður 25. nóvember 2020 ásamt fundargögnum.

9. Næsti fundur hreppsnefndar.

Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn miðvikudaginn 16. desember 2020 kl. 8:30.

Fundargerð samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00.

Ásta B. Ólafsdóttir
Brynja J. Jónasdóttir
Egill Sigurðsson
Elín Grétarsdóttir
Guðmundur Gíslason
Valtýr Valtýsson